

	Bls.
Úrslit vísnaþeppninnar 1980	1
Vísnaþeppni 1981	4
Vísnaþál	5
Héraðsbókasafn Skagfirðinga, Safnaþús Skagfirðinga	9
Fyrirkomulag bókasafnsþjónustu í Skagafirði	12
Frá Listasafni Skagfirðinga	15
Greinargerð um Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	17
Úr Héraðsskjalasafni	21
Skjalasöfn hreppanna í Skagafjarðarsýslu	
Úr myndasafni	26
Hver er maðurinn?	28
Safnafréttir	31

5. árgangur 1981

safnaþál maþál



Útgefandi:
HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA
og
HÉRAÐSBÓKASAFN SKAGFIRÐINGA
SAUÐÁRKRÓKI

Umsjón:
HJALTI PÁLSSON
KÁRI JÓNSSON
KRISTMUNDUR BJARNASON
Ábyrgðarmaður:
KÁRI JÓNSSON

AKUREYRI
PRENTVERK ODDS BJÖRNSSONAR HF.
MGMLXXXI

Úrslit vísnaþeppninnar 1980

Í vísnaþeppninni 1980 skyldi botna þrjá fyrriparta. Nokkrir tugir botna bárust. Þeir, sem hér birtast, þóttu falla bezt að hverjum fyrrihluta.

1. Tefur enginn tímans skeið,
traustir strengir slakna.
Botn: Halda drengir himnaleið
holds er þvengir rakna.
2. Leysist hvorki í lengd né bráð
landbúnaðarmálið.
Botn: Verður þjóðar þrautaráð
þjónustan við álið?
3. Sætt og rifzt sitt á hvað,
sök hjá báðum mikil,
Botn: Þegar skapið skilur að
skráargat og lykil.

Höfundur að fyrsttalda botninum reyndist vera Marteinn Steinsson, Freyjugötu 48, Sauðárkróki. Vísuþotninn um landbúnaðarvandann á Hólmsfríður Jónasdóttir, Víðigrund 16, Sauðárkróki. Fyrripartinn um sundurlyndið botnaði „Grímur“, og fylgdi ekki nánari skilgreining um höfund. Hann er beðinn að gera frekari grein fyrir sér.

Einnig var beðið um skammdegisvísur. Bezt þótti vísa „Skagadísu“, þ.e. Hólmsfríðar Jónasdóttur, sem áður er nefnd. Hún kveður svo:

Kvöldið dregur dauðahljótt
dökkan væng á gluggann,
jörðin þokast ennþá ótt
inn í næturskuggann.

Hér á eftir fara nokkrir vísuþotnar úr keppninni:

Ört er gengin ævileið,
æsku drengir sakna.
Sveinn Sölvason,
Skagfirðingabraut 15,
Sauðárkróki.

Valt er gengið lífs á leið,
lausir þvengir rakna.
„Valur“.

Bændur hyggja á betri ráð,
blendi og súra álið.
Ragnar Örn,
Fellsmúla 11, Reykjavík.

Reiðum skjaldarunnum að
réttum sáttalykil.
Ragnar Örn.

Dulnefninu „Valur“ fylgir nafngáta. Þar mun á ferð sami höfundur og þannig kynnti sig í fyrra (sjá Safnamál 1980).

Skammdegisvísur bárust allmargar, en aðeins fáar verða tíundaðar að sinni:

Safnamál . 2

Snjóinn leggur yfir allt.
Ísinn heggur dranga.
Fellur hregg á hörund kalt,
hélar skegg á vanga.
„Valur“.

Þegar dagar drukkna í
djúpi næturskuggans,
hríðar úfin skerða ský
skímu sálargluggans.
Ragnar Örn.

Skuggar lengjast, dagur dvín,
daprast birtu völdin;
máni í rofi skarður skín
skímu grárri á kvöldin.
Sveinn Sölvason.

Safnamál . 3

Vísnaþkeppni 1981

Að þessu sinni eru fyrirpartar tveir:

Það gæti varla verið synd,
en vakið öfund hinna . . .

— — —

Ekki reynist gatan greið,
grettum steinum þakin . . .

Eins og fyrr eru lesendur beðnir að gera tilteknu yrkisefni skil. Nú eru þeir beðnir að yrkja um *vorkomuna*.

Skilafrestur er til 15. apríl 1982.

Botna og vísur skal merkja dulnefni, en höfundarnafn fylgi í lokuðu umslagi, merkt dulnefninu, og sendist til Héraðsskjalasafns Skagfirðinga, Sauðárkróki.

Vísnamál

Ásgrímur Jónsson, bróðir Baldvins skálda, bjó á Þrastarstöðum á Höfðaströnd og víðar. Hann var skáldmæltur, sem frændur hans margir. Eftirfarandi vísu kvað hann til dóttur sinnar, sem þá var barn að aldri:

Kvein er hart að heyra þitt,
hjá þér spart má vera,
elsku hjartans hjartað mitt,
ég hef svo margt að gera.

Guðvarður Steinsson bifreiðarstjóri, bóndi á Kleif á Skaga og víðar, var vel hagarður og hafði yndi af kveðskap. Guðvarður hafði verið heilsuhraustur lengst ævinnar, en haustið 1956 „greip hann svo hastarleg gigt, að hann bar varla af sér. Fór hann því inn á Krók að leita sér einhverra bóta. Ekki lagðist Guðvarður þó strax á sjúkrahús, en hélt til hjá kunningja sínum . . . og hökti þaðan daglega á læknisfund.“ Friðrik héraðslæknir „skoðaði Guðvarð allrækilega og óskaði að lokum þess að fá „prufur“ af saur hans, helzt þrjár.“ Morguninn eftir kom Guðvarður með sýnishorn og lét þessa vísu fljóta með:

Margur liggur maðurinn
marflatur í aurnum.
Hérna færðu, Friðrik minn,
fyrstu prufu af saurnum.

Háraldur Hjálmarsson frá Kambi orti svo:

Aldrei sést hann einn á ferð,
er það mjög að vonum,
því að timburmannamergð
mögnuð fylgir honum.

Þegar vínið færist fjær,
fer að versna líðan:
Það, sem virtist grænt í gær,
gránað hefur síðan.

Stefán Jónsson á Höskuldsstöðum var kunnasti ættfræðingur norðanlands um sína daga, en færri vissu, að hann var einnig liðtækur hagrýðingur. Um 1930 orti hann í gangnakofa eftirfarandi vísu, sem skjótt varð landfleyg og mikið sungin; en fáir vissu föður að henni:

Hryggir geðið fremur fátt,
flestir gleði lofa.
Við skulum kveða og hafa hátt
hinir á meðan sofa.

Af öðru tilefni kvað Stefán:

Leið er þröng og lokuð sund
lífs í ströngum önnum,
því er löngum opin und
útigöngumönnum.

Ólafur Ólafsson Briem trésmiður á Sauðárkróki gaf sjálfum sér svohljóðandi æviferilsskýrslu:

Eftir gleymdan æskudraum
— ánægður og feginn —
út í lífsins gleði og glaum
gekk ég breiða veginn.

Þorsteinn Erlingsson kom eitt sinn að Sandi, ætlaði að hitta Guðmund skáld, en hann var að heiman. Skildi hann eftir þessa vísu:

Greru í anda grönn og fá
grös á sandi ljótum.
En þau eru fjandans þétt og há
og þau munu standa á rótum.

Móðurbróðir Ólínu skáldkonu Jónasdóttur, Eiríkur Magnússon, orti svo, þegar honum var brugðið um skalla:

Lífsskilyrðin verða veik,
varnarlaus er skallinn,
eftir stendur björkin bleik,
blöðin eru fallin.

Eftir Hall Jónsson, eiginmann Ólínu og frænda, er þessi kunna hestavísa:

Steinum fleygði stíft með þel,
stangir beygði, gnúði mél,
makkann sveigði, vanin vel,
vökur teygði sig á mel.

Það mun ekki vera langt síðan annar hver maður kvað við vinnu sína. Það var unnt vegna þess að ekki þurfti að einbeita huganum með daglegri iðju, þegar menn á annað borð höfðu lært til verka. Nú hefur orðið breyting á. Á tækniöld getur það jafnvel lagt menn í bráða hættu, að leiða hugann um of að rími og ljóðstöfum. Öldin var önnur, er Valdimar K. Benónýsson kvað á efri árum:

Æskuflyti enn ég ber
öldungshvít með hárin,
ennþá bítur egginn mér
áfram þýtur skárinn.

Ókunnur höfundur kvað svo:

Glitra tár, því grimmt er fár
grænum smára fengið.
Breikkar skára langur ljár,
liggur í sárum engið.

Stephan G. Stephansson orti þessa „rómantísku slægjuvísu“ (um 1885)

Um slægjuna mildur máninn hlær
á miðju næturskeiði.
Geislum sömu svona hann slær
seinna á okkar leiði.

Kristinn Bjarnason frá Ási kvað í Vatnsdalsrétt á mótum gamla og nýja tímans:

Míning fyrir sjónum sveif,
seytlar hugann gegnum.
Ennþá hnakkar eru á dreif
undir réttarveggnum.

Ásgrímur Kristinsson kvað, eftir að hann hætti búskap og fluttist til Reykjavíkur:

Fellt er niður bóndans bú
breytt um síðinn holla,
ekkert lið er í mér nú,
orðinn biðukolla.

K. B.

Héraðsbókasafn Skagfirðinga Safnahús Skagfirðinga

ÁRSSKÝRSLA 1980

Héraðsbókasafnið var opið 16 stundir, 5 daga vikunnar frá áramótum til 30. júní. Sumarmánuðina júlí, ágúst og fram í september var tímum fækkað niður í 5 og haft opið á mánudögum og fimmtudagskvöldum. Frá 15. september var aftur aukinn útláns-tíminn upp í 16 stundir á viku. Útlánadagar urðu alls 215.

Lánþegar frá 1. júlí 1979 til 30. júní 1980 urðu alls 575, 367 fullorðnir og 208 börn. Er það 10% aukning frá fyrra ári. Gjald fyrir lánsskírteini var hið sama og fyrra ár. Sömu reglur giltu um hámarksfjölda bóka, sem lánþegi mátti hafa hverju sinni, og leyfilegan lánstíma. Látnir voru bókakassar til togara Útgerðarfélags Skagfirðinga, alls 498 bindi, og til vegavinnuanna, alls 163 bindi. Auk þess voru lánaðar bækur til bókasafns sjúkrahússins, bókasafns Seyluhrepps, Varmahlíðarskóla og Hofsósskóla. Heildarfjöldi lánaðra binda varð 35.656, sem er 7.5% aukning frá fyrra ári. Skiptast þau þannig niður eftir efnisflokkum:

000 rit almenns efnis	314
100 heimspeki og sálarfræði	239
200 trúarbrögð	98
300 félagsfræði	576
400 tungumál	19
500 raunvísindi	163
600 tækni og framleiðsla	296
700 listir	127
800 bókmenntir	29.916
900 landafræði og ævisögur	3.908

Samtals 35.656

Í aðfangabók bættust 800 bindi og skráð númer í árslok voru 16.800. Búndin voru 46 bindi.

Mjólkursamslag Skagfirðinga veitti 300 þúsund króna styrk til flokkunar og skráningar á landbúnaðarsafni Árna G. Eylands, og vann Sigurður Helgason í júlí við flokkun tímarita úr því.

Bókafulltrúi, Kristín H. Pétursdóttir, kom í maí, og fór bóka-vörður með henni í kynnisferð að skoða bókasöfn lestrarfélaga í Fljótum. Um það leyti var unnið að flokkun á sameinuðum bóka-söfnum þriggja hreppslestrarfélaga í Hofsósi. Vann bóka-vörður þar tvo daga til aðstoðar.

Til umræðu kom á árinu sameining Lestrarfélags Skarðshrepps við Héraðsbókasafnið og átti bókafulltrúi undirbúningsfund með fulltrúum frá Lestrarfélagi Skarðshrepps og stjórn Héraðsbóka-safnsins. Var málið reifað og síðar gerðar tillögur að samnings-drögum en ekki gengið frá samningum að þessu sinni.

Starfslið bókasafnsins var hið sama og verið hefur: Hjalti Pálsson bóka-vörður í fullu starfi og Anna Pálsdóttir afgreiðslumaður í 1/3 hluta úr starfi.

SAFNAHÚS SKAGFIRÐINGA

Starfsemi í Safnahúsinu var með líku sniði og undanfarin ár, nema nú var ekki lengur söngkennsla á vegum barnaskólans og Samkór Sauðárkróks æfði ekki seinni hluta ársins. Hins vegar rak tónlistar-skólinn þar starfsemi sína sem endranær, og hin ýmsu félagasamtök fengu inni til fundahalda. Alls voru fundir og samkomur sem hér segir: bæjarstjórnarfundir 18, sýslufundir 5 (dagar), dómþing 4, spilakvöld bridgefélagsins 10, aðrir fundir 25, málverkasýningar 4, tónleikar 4.

Unnið var að innréttingu á kjallara Safnahússins og er því verki nú að mestu lokið, þó er eftir að ganga frá raflýsingu. Hefur nú skipazt vel stórt geymslurými fyrir söfnin.

Stjórn safnanna var skipuð öllum sömu mönnum og áður. Þeir eru: Kári Jónsson formaður, Kristmundur Bjarnason, Rögnvaldur Gíslason, Gunnar Helgason og Gísli Magnússon.

Eftirtaldir aðilar gáfu blöð og bækur til Héraðsbókasafnsins:

Alma Björnsdóttir og Ólafur Stefánsson Kirkjutorgi 5, Sauðárkróki.

Amtsboðkasafnið á Akureyri.

Árni Blöndal Víðihlíð 2, Sauðárkróki.

Bókasafn Hofsóss, Hofsósi.

Friðrik Brekkan Skógargötu 16, Sauðárkróki.

Kristmundur Bjarnason, Sjárvarborg.

Matthías Eggertsson, Hólum.

Sigurbjörg Sigurðardóttir Bárustíg 3, Sauðárkróki.

Sigurjón Páll Ísaksson Stóragerði 4, Reykjavík.

Sigurjón Sveinsson Öldustíg 11, Sauðárkróki.

Þýzka sendiráðið, Reykjavík.

Hjalti Pálsson.

Fyrirkomulag bókasafnsþjónustu í Skagafirði

Í 1. grein laga um almenningsbókasöfn, sem staðfest voru af forseta Íslands 25. maí 1976 segir svo í 1. grein:

„Allar byggðir landsins skulu njóta þjónustu almenningsbókasafna, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Almenningsbókasöfn eru mennta-, upplýsinga- og tómstundastofnanir fyrir almenning. Þau skulu gefa fólki sem bestan kost á að lesa og færa sér í nyt bækur og veita afnot af nýsigögnum, svo sem hljómplötum, segulböndum og öðrum miðlunargögnum til fræðslu og dægradvalar.“

Samkvæmt þessu lagaákvæði er gert ráð fyrir að allir landsmenn eigi kost á að njóta þjónustu bókasafna. Sveitarfélögum er gert að byggja upp og reka þessi söfn, samkvæmt ákvæðum sömu laga. Sveitarfélög eru ákaflega misvel í stakk búin til að framfylgja þessum lögum og ljóst er, að leita ber allra hagkvæmustu leiða í því sambandi.

Í grein þessari hyggst ég greina frá fyrirkomulagi bókasafnsþjónustu í Skagafirði og jafnframt gera tillögur um fyrirkomulag sem ætti að vera framkvæmanlegt og sameina það, að vera ódýrt í rekstri og að veita öllum sýslubúum sem allra besta þjónustu. Það má aldrei gleymast að bókasöfn eru fyrst og fremst þjónustustofnanir og upplýsingastofnanir á sem allra flestum sviðum.

Í ársskýrslu bókafulltrúa ríkisins yfir almenningsbókasöfn á Íslandi árið 1979 kemur eftirfarandi í ljós varðandi almennings-

bókasöfn í Skagafirði: Þau eru 18 talsins, en samkvæmt nýrri upplýsingum hafa þrjú verið sameinuð í eitt og því eru þau 16 og er þar innifalið safnið í Sjúkrahúsi Skagfirðinga. Í þessum söfnum er að finna samtals 42.000 bindi bóka. Þar af eru 16.000 í safninu á Sauðárkróki, en það er langstærsta safnið í sýslunni. Hin 26.000 bindin dreifast á öll hin söfnin.

Öll eiga bókasöfnin í Skagafirði það sameiginlegt að fjárhagur þeirra er ákaflega naumur. Einungis 5 þeirra nutu þeirra framlaga sem lögbundin eru á árinu 1979. Hin skorti öll verulega á að njóta þeirra framlaga sem þeim bar. Safnið á Sauðárkróki fékk þá í ráðstöfunartekjur 110.000 nýkr. Öll hin söfnin fengu tæplega 50.000 nýkrónur í ráðstöfunartekjur. Af því má sjá að olnbogarými til bókakaupa, launagreiðslna, greiðslu fyrir húsnæði og til að standa undir öðrum kostnaðarliðum er miklu minna en nauðsynlegt og æskilegt getur talist.

Skipulag bókasafna hér á landi og þá einnig í Skagafirði á rætur að rekja til þeirra tíma er samgöngur voru mjög takmarkaðar og farartæki voru önnur og hæggengari en þau er nú tíðkast. Þjónustusvæði bókasafna og lestrarfélaga eru alltof lítil og notendahópurinn þar af leiðandi mun minni en nauðsynlegt er til að tryggja sæmilegan rekstrargrundvöll fyrir bókasafn. Lítil sveitarfélög hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að halda bókasöfnum gangandi við þessar aðstæður.

En hvað er hægt að gera til að uppfylla þá lagaskyldu sem á sveitarfélögum hvílir, að reka bókasöfn? Hvaða rekstrarfyrirkomulag er heppilegast nú á árinu 1981?

Það fyrsta sem þyrfti að gerast er, að allir þeir aðilar sem hagsmuna eiga að gæta setjist niður og ræði málin. Að mínu áliti er skynsamlegasta leiðin sú, að mynda eina rekstrareiningu úr öllum söfnum í sýslunni. Þannig væri öllum þeim bókum sem geymdar eru (oft við mjög slæmar aðstæður) safnað saman á einn stað. Þær þyrfti að flokka og skrá og þeim þyrfti að dreifa á ca. 3 staði í sýslunni. Til dæmis yrði aðalsafnið á Sauðárkróki. Það er miðsafn sýslunnar samkvæmt reglugerð um almenningsbókasöfn og síðan

yrði mögulegt að hafa útibú í Hofsósi og í Varmahlíð. En af hverju þessir þrír staðir en ekki einhverjir aðrir?

Yfirgnæfandi líkur eru á, að flestir sýslubúar þurfi að fara reglulega á einhvern þessara staða í margvíslegum erindagjörðum. Þar eru þær þjónustumiðstöðvar sem fólk sækir til og því er rökrétt að staðsetja bókasöfnin þar. Þannig þyrfti enginn að fara alltof langa leið til að njóta þjónustu bókasafnsins.

En hverjir eru í stuttu máli kostir þessa fyrirkomulags?

- 1) Bókakostur safnanna nýtist mun betur. Hægt væri að færa bókakost á milli aðalsafns og útibúa og þannig ykist fjölbreytni lesefnis til muna ef að líkum lætur.
- 2) Fjárveitingar til safnanna nýtast mun betur ef þær fara í einn stað, heldur en ef verið er að setja smáupphæðir á marga staði.
- 3) Líkurnar á að hægt sé að bæta við sérþjálfuðu starfsfólki aukast til muna og fyrir bragðið batnar þjónustan.

Margir telja að eignarréttur hinna ýmsu lestrarfélaga sé ótví-
ræður á þeim bókum sem tilheyra þeim. Það má vissulega til sanns
vegar færa. En með sameiningu alls bókakostsins hafa menn miklu
meiri möguleika á að fá allar þær bækur sem þá fýsir að lesa. Vera
kann að einhverjir telji sig ekki eiga heimangengt úr sinni sveit til
að nálgast lesefni, en það vandamál er auðvelt að leysa með bóka-
kössum. Þar kæmu pósthólar bókasafnsþjónustunni til góða.

Með þessu móti tel ég, að íbúar Skagafjarðarsýslu geti vænst
góðrar bókasafnsþjónustu í framtíðinni. Þetta eru ekki skýjaborgir,
heldur vel framkvæmanlegir hlutir. Stofnkostnaður yrði einhver —
en þegar upp yrði staðið tel ég engan vafa leika á að útkoman yrði
— betri þjónusta með minni tilkostnaði og þar með er sigur unninn.

Sigurður Helgason.

Frá Listasafni Skagfirðinga

Í Sæluviku 1980 bauð listasafnið Gísla Guðmann frá Akureyri að halda sýningu í Safnahúsinu. Stóð hún yfir dagana 16.-23. marz og var vel sótt. Gíslí sýndi 52 verk, höggmyndir og málverk.

Aðrar sýningar í Safnahúsinu á árinu 1980 voru á vegum einstaklinga. Þeir voru þessir: Stefán Pedersen, Sauðárkróki, sýndi 33 ljósmyndir og olíukrítarmyndir dagana 5. til 7. apríl.

Þrír Akureyringar, Aðalsteinn Vestmann, Kristján Guðmundson og Örn Ingi, héldu sýningu 17. og 18. maí á 38 myndum unnum í olíu, akrýl og pastel.

Dagana 13. og 14. desember sýndi svo Gunnar Friðriksson, Sauðárkróki, 35 olíu- pastel- og vatnslitamyndir.

Listasafnið fékk á árinu geymslurými í kjallara Safnahússins. Þar var settur upp „rekki“, svo vel fer um málverkin. Nokkur hanga þó jafnan uppi, t.d. í bókasafni og lestrarsal. Á árinu eignaðist listasafnið fá ný verk. Fjárhagur þess var þröngur, sem fyrr. Í aðfangabók safnsins bættust eftirtalin listaverk við, talin í áframhaldandi númeraröð (sjá Safnamál 1978 og 1979):

Nr. 41.

Elías B. Halldórsson:

Leysing.

trérista

nr. 7 af 15 eintökum

65x78 cm.

Í ramma með gleri.

Merkt: 7/15 (leysing) et. Elías B. Halldórsson.

Keypt í janúar 1980 af listamanninum.

Nr. 42.

Elías B. Halldórsson:

Holdrosi.

trérista

nr. 10 af 15 eintökum

65x78 cm.

Í ramma með gleri.

Merkt: 10/15 et. (holdrosi) Elías B. Halldórsson.

Keypt af listamanninum í janúar 1980.

Nr. 43.

Gísli Guðmann:

Við Vötnin.

pastel

landslag við Héraðsvötn
60x73 cm.

Í ramma með gleri.

Merkt: G. Guðmann '79

Keypt á sýningu listamannsins í
Safnahúsinu í marz 1980.

Nr. 44.

Gunnar Friðriksson:

Héraðsvötn í ljósaskiptum.

pastel

landslag séð úr Hegranesi
61½x73½ cm.

Í kartoni og ramma með gleri.

Merkt: Gunnar Fr. '80.

Keypt á sýningu listamannsins í
Safnahúsinu í desember 1980.

K. J.

SÖGUFÉLAG SKAGFIRÐINGA

SAFNAHÚSINU, SAUÐÁRKRÓKI

Sími (95)5424

Aðalumboðsmenn:

Árni M. Jónsson, Grundarstíg 1, Skr., heimasími 5128
Hjalti Pálsson, Safnahúsinu, Sauðárkróki, sími 5424

Umboð á Akureyri:

Jón A. Jónsson húsvörður, Hafnarstræti 107, sími 23532

Umboð í Reykjavík:

Sögufélagið, Garðastræti 13b, sími 14620

Skjalasöfn hreppanna í Skagafjarðarsýslu (frh.)

Hofshreppur	Hreppsþing	Hreppsbók/sveitarbók	1819-1835
—	—	—	1835-1865
—	(ásamt fundag. hrepps.)	—	1909-1920
—	—	—	1920-1938
—	—	—	1937-1941
—	—	—	1941-1965
Bréfabók	1807-1852	—	—
—	1884-1890	Kassabók/sjóðbók	1943-1947
—	1896-1935	Vinnuskýrsla	1937
Hreppaskilabók/skýrslubók	1904-1917	Vanskilabók útsvara	1964
Uppboðsbók	1903-1927	Skattabók	1936
—	1927-1944	—	1937A-J
Úttektabók	1905-1913	—	1937 J-P
Reikningar	1817-1820	—	1938
—	1828-1859	—	1939
—	—	—	1940
Búnaðarskýrslur	1826-1859	—	1941
Embættisbréf	1876	—	1942
—	—	—	1943
—	—	—	1944
—	—	—	og 1946
—	—	—	1945
—	—	—	og 1947
—	—	—	1958-1959
Fundargerðabók	—	—	1960-1962
(almennir hreppsfundir)	1907-1935	—	1963
—	1936-1957	—	1964
—	—	—	1965
Bréfabók	1875-1919	—	1966-1967
—	1919-1936	—	1968-1971
—	1936-1944	—	1972-1973
Dagbók	1913-1940	—	—

Fordagæzklubók	1933-1937	Reikningar og ýmis skjöl	1945-1949
—	1952-1966	—	1957-1965
Reikningar	1893-1909	Fóðurbirgðafélag	
Skrá yfir verkfæra		Fjárgjalda- og fundag.bók	1938-1946
karlmenn 20-60 ára	1928-1932	Fundagerðabók	1946-1974
—	1933-1937		
—	1938-1942		
—	1943-1947	Jarðabótafélag	
Skattanefnd		Fundagerða- og reikn.bók	1902-1922
Gerðabók	1935-1947	Kvenfélagið Ósk, Óslandshlíð	
—	1948-1963	Fundagerðabók	1941-1944
Skólanefnd		Lestrarfélag Hofshrepps	
Gerðabók	1910-1946	Fundagerða- og reikn.bók	1880-1945
Sáttanefnd		Lestrarfélag Óslandshlíðar	
Gerðabók	1881-1936	Fundagerðabók	1913-1929
Skjöl	1904-1931	—	1930-1957
Bindindisfél. Tilreyndin,		Reikningabók	1913-1929
Óslandshlíð		—	1929-1954
Fundagerðabók	1905-1907	Ýmsir reikningar og bréf	
—	1914-1931	Bréf frá fræðslum.stj.	
(sjá einnig Umf. Geisli, Óslandshlíð)		og bókafr.	1950-1957
Búnaðarfélag		Bókaskrár og félagaskrár	
Fundagerðabók	1913-1946	Yfirlitsskýrsla	1943-1953
Höfuðbók	1932-1939	Málfundafélag	
—	1939-1961	Fundabók	1908-1912
Reikningabók	1926-1972		
Sjóðbók	1932-1964		
Skipulagsskrá Jarðræktar-			
sjóðs Jófríðar Björnsdóttur			
og Jóns Konráðssonar í Bæ	1931		

Sjúkrasamlag

Dagbók	1949-1961
—	1961-1967
Fundagerðabók	1946-1950
—	1949-1972
Höfuðbók	1949-1956
Iðgjaldaskrá	1955-1960
—	1961-1968
Reikningar	1956-1972

Ungmennafélagið Geisli, Óslandshlíð

Fundagerðabók	1932-1942
Ýmis gögn	

Upprekstrarfélag Deildardals

Fundagerða-, reikninga- og skýrslubók	1914-1928
--	-----------

Ungmennafélag Höfðstrendinga

Fundagerðabók	1917-1919
—	1919-1923

Hólahreppur

Hreppstjóri

Bréfabók	1822-1835
—	1836-1853
Úttekt	1844
Bréf til hreppstjóra	1856
—	1870
Reikningar	1821-1822
—	1826-1859
Búnaðarskýrslur	1826-1836
—	1838-1860

Hreppsnefnd

Fundagerðabók	1875-1894
—	1917-1930
—	1930-1938
—	1938-1948
Bréfabók	1931-1943
Hreppsþók/sveitarþók	1809-1844
—	1845-1875
—	1875-1912
—	1912-1918
—	1919-1932
—	1933-1946
Skattabók	1938-1941
Fordagæslubók	1929-1954
Reikningar	1893-1909

Brunabótasjóður

Sjóðbók	1929-1934
Vátryggingabók	1929-1931
Virðingabók	1928-1931

Búnaðarfélag		Slysavarnadeildin Hjálp	
Fundagerða-, reikninga- og skýrslubók	1892-1913 1914-1945	Fundagerðabók	1944-1955
—		Reikningabók	1944-1961
Kornforðabúr		Sparisjóður	
Fundagerðabók	1918-1949	Afsagnarbók víxla	1931-1940
Viðskiptamannabók	1942-1946	Dagbók	1935-1944
		Fundagerðabók	1909-1925
		Innistæðubók	1918-1942
Lestrarfélag		Reikningabók	1910-1927
Fundagerða- og skýrslubók	1885-1918	—	1928-1961
Fundagerða-, reikninga- og skýrslubók	1918-1954	Sjóðbók	1916-1926
Útlánabók	1963-1964	Skuldbindingabók	1918-1927
		Víxlabók	1917-1929
		—	1929-1938
		—	1939-1962
Nautgriparæktarfélag		Útlánabók	1916-1933
Fundagerða- og reikningabók	1929-1967	—	1934-1951
		Skjöl	1925-1939
Sjúkrasamlag		Fjallskilasjóður Hóla- og Viðvíkurhrepps	
Reikningar og skjöl	1966-1973	Fundagerðabók	1894-1916
		—	1917-1934
		—	1935-1943
Sauðfjárræktarfélag		Ungmennafélagið Hjalti	
Skrár um hrúta	1952-1974	Gjörðabók (aðalfundir)	1933-1970
Skýrslur	1951-1962	Gjörðabók („II. bók“)	1939-1980
Yfirlitsskýrslur	1955-1965		

Greinargerð um Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 1980

Megináherzla hefur verið lögð á söfnun handrita og mynda, og hefur stórum bætt í bú á árinu. Af þessu leiðir, að skráning gengur enn hægt fyrir sig. Eiríkur Rögnvaldsson vann þó um sinn við að kjalmerkja og ganga að fullu frá ýmsum opinberum gögnum, og er þess áður getið (Safnamál 1980, bls. 36). Einnig hefur nokkuð verið unnið að fullnaðarskráningu almennra handrita, og verður því haldið áfram eftir því sem kostur er. Sölvi Sveinsson vann að skráningu ljósmynda í júlímánuði. Svo mikið berst að safninu á ári hverju af ljósmyndum, að ekki gerir betur en ljúka skráningu þeirra; allar myndir eru skráðar í aðfangabók safnsins við móttöku. Fjöldi mynda, einkum mannvirkja- og atburðamyndir frá fyrri tíma, eru enn óskráðar, en unnið hefur verið að grófflokkun þeirra.

Þjóðhátíðarsjóður Íslands hefur sem oft áður veitt styrk til söfnunar og skráningar mynda (5000 nýkr.), einnig hefur Kaupfélag Skagfirðinga veitt styrk í sama skyni. Ef safnið hefði ekki notið þessarar hjálpar, væri mestur hluti mynda enn óskráður, og aldrei hefði verið ráðizt í skipulega söfnun þessara menningarverðmæta. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga færir þessum stofnunum alúðar þakkir.

Á árinu barst héraðsskjalasafninu merk bókagjöf frá Ottó A. Michelsen, forstjóra í Reykjavík, og konu hans, Gyðu Jónsdóttur. Tilefnið var sextugsafmæli hins fyrrnefnda, en þau hjón hafa áður

styrkt safnið. Bækurnar eru þessar: Steinsbiblía (Hólum 1728), Sannleiki guðhræðslunnar (Hólum 1781), Misseraskiptaoffur (Hólum 1779), Nokkrar söngvísur um kross og mótlætingar (Hólum 1746), Sjö predikanir (Hólum 1753), Harmonia evangelica (Hólum 1749), Salomons lof-kvæði (Hólum 1778), Fæðingar psaltari (Hólum 1747), Sigurhróss hugvekjur (Hólum 1770), Fæðingar-historia (Hólum 1781), Vikubænir (Hólum 1781), Graduale (Hólum 1773), Iðrunarspegill (1775, í handriti, listavel skrifuðu; á sömu bók er Andlegt versasafn, Viðeyjarklaustri 1839, einnig handrit). Eins og skrá þessi ber með sér er hér eingöngu um Hóla-prent að ræða, en með því fylgdi Viðeyjarútgáfa (1838) af Harmonia evangelica.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga flytur gefendunum beztu þakkir.

Skráðir gestir safnsins reyndust 612, afgreidd erindi utan opnartíma 409, og er það mikil aukning frá fyrra ári.

Hér á eftir fer skrá um gefendur handrita og ljósmynda; móttöku afhendingarskyldra gagna er ekki getið.

Í júní 1981.

K. B.

Skrá yfir gefendur 1980

Aðalsteinn Michelsen, Stóragarði 36, Reykjavík.
Alma Björnsdóttir, Kirkjutorgi 5, Sauðárkróki.
Anna L. Ragnarsdóttir, Nesvegi 2, Súðavík.
Anna M. Sverrisdóttir, Skagfirðingabraut 47, Sauðárkróki.
Árni Blöndal, Víðihlíð 2, Sauðárkróki.
Ásberg Sigurðsson, Aragötu 7, Reykjavík.
Ásgrímur G. Ásgrímsson, Mallandi.
Ásta Ó. Jónsdóttir, Óslandi.
Bjarni Haraldsson, Aðalgötu 22, Sauðárkróki.
Björn Egilsson frá Sveinsstöðum.
Björn Jónsson, Bæ.
Eyþór Stefánsson, Fögruhlíð, Sauðárkróki.

Safnamál . 18

Geir S. Björnsson, Godabyggð 4, Akureyri.
Gísli Felixson, Hólavegi 18, Sauðárkróki.
Gísli Konráðsson, Sólvangi.
Golfklúbbur Sauðárkróks.
Guðbrandur Magnússon, Ásvegi 15, Akureyri.
Guðbrandur Magnússon, Hlíðarvegi 3c, Siglufirði.
Guðmundur L. Friðfinnsson, Egilsá.
Guðmundur Helgason, Árnesi.
Guðni R. Björnsson, Hólavegi 22, Sauðárkróki.
Guðrún Ásgeirsdóttir, Mælifelli.
Guðrún E. Björnsdóttir, Hofsósi.
Guðrún Ottósdóttir, Viðvík.
Guttormur Þormar, Ljósheimum 4, Reykjavík.
Hallfríður Sveinsdóttir, Hjallalandi.
Hannes Pétursson, Túngötu 25, Bessastaðahr., Álftanesi.
Heima er bezt, Akureyri.
Héraðsskjalasafn Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu.
Héraðsskjalasafn Svarfdæla, Dalvík.
Hjalti Pálsson, Raftahlíð 57, Sauðárkróki.
Hólmfríður Jónasdóttir, Víðigrund 16, Sauðárkróki.
Hólmfríður Sveinsdóttir, Öldustíg 1, Sauðárkróki.
Ingi Þ. Sigurgeirsson, Hólmagrund 5, Sauðárkróki.
Ingibjörg Böðvarsdóttir, Jófríðarstaðarvegi 15, Hafnarfirði.
Ingibjörg Ólafsdóttir, Raftahlíð 27, Sauðárkróki.
Ingibjörg Pétursdóttir, Bólstaðahlíð 34, Reykjavík.
Ingólfur Sveinsson, Birkihlíð 4, Sauðárkróki.
Jón Björnsson, Lindargötu 15, Sauðárkróki.
Jóna Franzdóttir, Skógargötu 17b, Sauðárkróki.
Jón Ísberg, Brekkubyggð 1, Blönduósi.
Jónas Haraldsson, Völlum.
Kristbjörg Guðmundsdóttir, Hlíðarstíg 1, Sauðárkróki.
Kristján Sigtryggsson, Lindargötu 1c, Siglufirði.
Kristmundur Bjarnason og Hlíf Árnadóttir, Sjávarborg.
Kvenfélag Akrahrepps.
Margrét Konráðsdóttir, Hafnargötu 26, Siglufirði.
Marteinn Ág. Sigurðsson, Gilá, A.-Hún.
Marteinn Steinsson, Freyjugötu 48, Sauðárkróki.
Otto A. Michelsen og Gyða Jónsdóttir, Litlagerði 12, Reykjavík.
Páll Sigurðsson, Klapparstíg 3, Akureyri.
Ragnheiður Ólafsdóttir, Borgarnesi.
Reynir Þ. Jónsson, Sleitustöðum.
Sigríður Magnúsdóttir, Laugarhvammi.

Safnamál . 19

Sigurður Ágústsson, Hólavegi 13, Sauðárkróki.
Sigurður P. Björnsson, Garðarsbraut 19, Húsavík.
Sigurjón P. Ísaksson, Stóragarði 4, Reykjavík.
Skúli Br. Steinþórsson, Tjarnarflöt 1, Garðabæ.
Stefán Jónsson, Höskuldsstöðum.
Stefán Magnússon, Kirkjutorgi 3, Sauðárkróki.
Steinvör Júníusdóttir, Öldustíg 11, Sauðárkróki.
Sverrir P. Erlendsson, Ásvegi 29, Akureyri.
Sæmundur Dúason, Hríseyjargötu 2, Akureyri.
Tryggvi Guðlaugsson, Lónkoti.
Ungmennafélagið Æskan, Akrahreppi.
Valtýr Sigurðsson, Viðigrund 6, Sauðárkróki.
Vilhelm Jóhannsson, Hólavegi 26, Sauðárkróki.
Þjóðskjalasafn.

Úr Héraðsskjalasafni

Hreppsnefnd kærir sveitarblað

Sr. Zophonias Halldórsson í Goðdölum var oddviti hreppsnefndar Lýtingsstaðahrepps 1877-1883, og sinnti ekki oddvitastörfum þar í sveit upp frá því. Lárus Guðmundsson hreppsnefndarmaður og bóndi í Brekkukoti fluttist til Vesturheims 1883. Eiríkur Guðmundsson hreppsnefndarmaður, bóndi í Sölvanesi, mun og ekki hafa gegnt störfum hreppsnefndarmanns eftir 1883. Nú er ekki vitað, hverjir stóðu að sveitarblaði því, sem fjallað er um í eftirfarandi kæru, né heldur hvað blað það hét, sem hóf göngu sína í ársbyrjun 1881. Fyrirnefndir hreppsnefndarmenn, sem kröfðust rannsóknar ummæla blaðsins og nýrra hreppsnefndarkosninga, virðast ekki hafa haft erindi sem erfiði. Kæru þessarar finnst hvergi getið í opinberum gögnum sýslumannsembættisins í Skagafjarðarsýslu nema hvað bréfið er varðveitt þar. Trúlega hefur verið sætt á málið, áður en til þinghalds kom, og þremmenningarnir dregið kæru sína til baka.

Þeir, sem gætu gefið frekari upplýsingar um blaðið og stofnendur þess, eru beðnir að koma þeim til héraðsskjalasafnsins.

„Í sveitarblaði hér í hrepp, sem nokkrir menn fóru að gefa út í næstliðnum janúarmánuði, voru í 4. tölublaði, er kom út um mánaðarmótin febrúar og marz, höfðu þau ummæli um oss hreppsnefndarmenn, að vér „svæfum á kodda andvaraleysisins,“ og

það var látið í ljós, að „vér þekktum ekki köllun vora, og vissum eigi hvað til vors friðar heyrði,“ en að í nefndina væri völ á mönnum, ef eigi snillingum, þá samt þeim mönnum, er þekktu nokkurn veginn köllun sína, og vissu, hvað til síns friðar heyrði.

Með því að vér efumst ekki um, að þau ummæli séu sönn, að völ sé í nefndina á miklu betri mönnum en oss, þá leyfum vér oss undirgefnast hér með að biðja yður, herra sýslumaður, að bera fram fyrir hreppsbúa það frjálsmannlega *tilboð* vort, að vér leggjum niður öll sveitarstjórnarstörf á þessu vori, því að hve sönn sem orð blaðsins um oss kunna að reynast, þá viljum vér þó vita svo vel, hvað til vors friðar heyrir, að vér viljum alls ekki sitja sveitarfélaginu í vegi fyrir hinum betri mönnum, með því að hafa þessi störf á hendi allan hinn lögskipaða tíma, ef vér með því kynnum að vanrækja margt og iðja margt, sveitinni til skaða, sem hinir, þeir er blaðið bendir til, kynnu eflaust að geta leyst af hendi sveitinni til gagns og sóma; og því mun mega treysta, að höf. bendir á þessa menn, áður en kosning fer fram á hrepps-kilafingi. Með því að þetta vort tilboð styðst þannig við gildar ástæður, göngum vér að því vísu, að menn muni þiggja það þakksamlega, og beidumst því tilhlutunar yðar, velborni herra, um það nú þegar, að ný hreppsnefnd verði kosin.

En ef þessu tilboði mót von vorri verður hafnað, og haldið verður fram lagatíma vorum, leyfum vér oss að öðrum kosti, að biðja yður, að *skora* á hreppsbúa, að þeir gefi sig nú þegar á þinginu fram, sem staðhæfa áðurnefnd ummæli blaðsins um oss, og hafa sakir á oss fyrir stjórn vora, því að þessi ummæli voru eigi studd í blaðinu við nein rök, og vér erum þeim ósamþykkir með öllu, svo að vér fáum að vita, hverjir og hve margir þessir menn eru, í hverju vér höfum brotið, hvað ólögmeitt, saknæmt og sveitinni til skaða vér höfum vanrækt eða unnið, sem oss hefir verið sjálfrátt og hægt, ef ske kynni, að vér gætum þá lært af því, og tekið oss fram með stjórn sveitarinnar.

Lýtingsstaðahreppi, 19. maí 1881

Til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu
væntanl. að þingferð á Lýtingsstöðum.“

Zophonias Halldórsson,
Lárus Guðmundsson,
Eiríkur Guðmundsson.

Tvö bréf frá Konráði Gíslasyni prófessor

Viðtakandi þessara bréfa Konráðs Gíslasonar var Jóhannes Jónson, Syðra-Skörðugili, síðar bóndi á Ytra-Skörðugili, mágur Konráðs.

Bessast., 14^{da} Marz, 1831.

Góði Min og Árend!

Þy þakka þér koml bréfi þitt, skrifað þarú 30^{da} Jan. þ. á., um i'ger mæðkiss. Bréfi þínu varu m'ri mik i' annað; þú' þakki m'ri i' rauninni þakka-bróðr, munda m'ri þess m'ri allan dómman i' annaru bréfi. M'ri þess varu þú' Trjólitill; m'ri vörðlka þakka öðru þessu. Er m'ri m'ri þess að þessu þess m'ri land i' m'ri. Málafóli og braunda veitingar m'ri þess þess þess m'ri gaman að þessu. — Er m'ri þess þess þess þess, m'ri þessu m'ri þessu. Allin m'ri m'ri þess, og þess þess þess þess þess og a' þess. Er að all þess þess þess, þess þess, þess þess i' þessu; m'ri þess þess þess, að þess þess þess þess þess, að m'ri þess i' þess. — Þess þess veitar examen þess og þess þess m'ri. Þess m'ri allan þess þess; og m'ri þess þess þess að þess og þess þess þess.

Þy munda blaðið þess m'ri þess þess þess þess þess, og þess allan þess þess þess þess þess þess þess.

Konráð Gíslason.

19. Hæðskrá 18^{da} Júnii

Kirkhósti, 5 Maí 1832.

Þakklæga
Vinnu og aðbörðin!

Þy á nú þvo mörgu að gagna, að og næmingar
þess tíma hi, að þakka þér þitt kærkoma hefur þú
visslegu. Þessu þessu og áningu að þessu þessu,
nema um þessu, þessu nú gagna um í Frakklandi,
þessu áttu - þessu er þessu þessu. Annad mæki:
þessu þessu er þessu þessu í vestr.

Af minni hjálpu gott og ákær þessu þessu, nema allir
þessu þessu; examina gagna minni vel - áningu þessu er
þessu, þessu þessu allir þessu - og þessu er þessu
þessu þessu um þessu; er - með þessu nú vandi fylgja veg
þessu þessu, þessu er þessu þessu mikilli afþessu þessu, - þessu
þessu er þessu og þessu þessu þessu.

Þessu þessu þessu þessu þessu þessu og
þessu þessu þessu, þessu og á þessu margt gott að þessu.
Þessu þessu þessu þessu þessu þessu og
þessu: C. G. Conrad.

„Versión yfir Homerum“

Þetta er titilblað versjóna, sem gengið hafa milli margra Bessa-
staðapilta, svo sem sjá má. Flest nöfnin eru þjóðkunn. Handrit
þetta hefur varðveitt vel, en óvíst er hvenær það barst til safnsins
og frá hverjum.

Orð og Versjón
yfir
Homerum
fyrirlepin af
Merra Björn og Sv. Egilsson
Veturinn 1850 & 51
Kjalstad 1855.
H. Kröger
C. G. Conrad.
Sk. F. Stephensen
J. P. Klavstein
S. D. W. Bech
49
þessu
Jon Kristjánsson

Úr myndasafni

Síðastliðið ár bættust Héraðsskjalasafni myndir eftir filmum Egils Jónassonar frá Völlum í Hólmi. Hann fæddist 24. apríl 1901, sonur Jónasar Egilssonar bónda á Völlum og bústýru hans, Önnu Jónsdóttur frá Skinþúfu. Egill var gagnfræðingur frá Akureyri, en auk þess nam hann bókband hjá Árna Árnasyni frá Kálfsstöðum. Hann varð aðstoðarmaður Davíðs Stefánssonar á Amtsbókasafninu á Akureyri og gegndi störfum hans í forföllum. Egill lézt á Kristnes-hæli 25. júní 1932, aðeins 31 árs að aldri.

Egill tók mjög margar myndir, en að honum látnum glataðist helftin eða meira. Þær filmur, sem safnið fékk afnot af, eru í vörzlum Sigurlaugar Jónasdóttur húsfreyju á Uppsölum, systur Egils. Þær eru flestar teknar 1927-1930, og í grófum dráttum má skipta þeim í fjóra flokka:

- 1) Myndir af fólki: skylduliði Egils; vegavinnuflokki Kristjáns Hansen verkstj.; verkamönnum við hafnargerð á Akureyri o. fl.
- 2) Myndir af bæjum, m.a. í Blönduhlíð og Hólmi.
- 3) Myndir af framkvæmdum við höfnina á Akureyri og við Krossanesverksmiðju.
- 4) Landslagsmyndir úr Skagafirði og Eyjafirði.

Héraðsskjalasafninu er mikill fengur að þessum myndum og kann ættingjum Egils þakkir fyrir greiðasemina.

Sölvi Sveinsson.

*Egill Jónasson
frá Völlum.*



*Bryggjasmíði á Akureyri um
1930.*



Hver er maðurinn?

Undir þessari fyrisögn hafa nú verið birtar 80 ljósmyndir úr fórum Héraðsskjalasafns, og enn er af nógu að taka. Tímaritið *Heima er bezt* hefur sýnt safninu þá vinsemd að birta þessar myndir einnig, og fyrir vikið hefur þær borið fyrir sjónir fleiri en ella. Héraðsskjalasafnið kann útgefanda þess beztu þakkir. Lesendur hafa með vissu borið kennsl á 19 myndir, og um sumar hafa borizt vísbendingar. Í þriðja og fjórða árgangi Safnamála var grein gerð fyrir 10 myndum og hér fer á eftir það sem á vantar. Fremst á mynd nr. 11 standa Benedikt og Þorvaldur Péturssynir Gunnarssonar á Stóra-Vatnskarði og Guðrúnar Þorvaldsdóttur. Í aftari röð eru Ingibjörg og Árni, börn Guðrúnar með fyrra manni sínum Árna Jónssyni í Borgarey. Á mynd nr. 19 er sr. Hannes Stephensen í Þykkvabæ o. v. Á mynd nr. 30 er Guðrún Þórðardóttir Sauðárkróki, kona Jóns Meyvantssonar, og dóttir hennar, Guðrún Stefánsdóttir. Systurnar Þóra (situr) og Marsilía Kristjánsdætur frá Espihóli eru á mynd nr. 31. Ingibjörg Einarsdóttir frá Mælifellsá og dóttir hennar, Sigurlaug Ólafsdóttir Löngumýri, eru á mynd nr. 37. Á mynd nr. 41 er Gunnlaugur Tryggvi Jónsson bóksali á Akureyri. Hjálmar Jóhannesson, Grímsstöðum í Svartárdal, situr fyrir á mynd nr. 71, og Sigríður Magnúsdóttir í Viðvík á mynd nr. 80, kona sr. Ólafs Þorvaldssonar.

Þetta kunna að þykja slæmar heimtur, en svo er ekki, því að safninu er fengur að hverju nafni; óþekktar myndir eru yfirleitt ekki mikils virði. Því verður áfram haldið um sinn. Þeirri reglu hefur verið fylgt að birta myndir ljósmyndara, sem starfað hafa á Sauðárkróki. Að þessu sinni verður brugðið frá þeirri venju og valdar myndir úr safni eins manns, Gísla Guðmundssonar „verts.“ Hann

Safnamál . 28

fæddist 20. júlí 1870 á Hafursstöðum á Skagaströnd og ólst þar upp. Árið 1904 fluttist hann til Sauðárkróks og hóf þar hótélrekstur, lengst af í Tindastóli. Árið 1936 seldi hann eignir sínar. Síðustu árin var hann í skjóli Sigríðar Þorleifsdóttur, fósturdóttur sinnar, og Lárusar Blöndal, manns hennar. Gísli lézt 25. október 1948. Gunnar Guðmundsson, Reykjum á Reykjaströnd, gaf safninu myndir Gísla, og voru þær afhentar 28. ágúst 1978.

Sölvi Sveinsson.



81




82



83



84



85



86



87



88



89



90



91



92



93



94



95

Safnafréttir

Þann 22. febrúar s.l. voru eitt hundrað ár liðin frá fæðingu Jóns Stefánssonar listmálara. Af því tilefni ákvað Listasafn Skagfirðinga að minnast þessa merka málara og Skagfirðings með sýningu á verkum hans. Samvinna tókst við Listasafn Íslands, sem lánaði hingað 25 málverk, sum þeirra í flokki þekktustu verka Jóns. Sýningin var opnuð 9. ágúst og henni lauk 30. s.m. Um 500 manns skráðu sig í gestabók, og má telja það góða aðsókn. Í tengslum við sýninguna var komið fyrir í sýningarskáp nokkrum ljósmyndum og fleiru, er varðaði uppruna og störf Jóns. Vönduð sýningarskrá var gefin út, með litmynd af málverki Jóns, Útigangshestum. Í skrána rituðu Selma Jónsdóttir, forstöðumaður Listasafns Íslands, og Kristmundur Bjarnason á Sjárvarborg. Sá síðarnefndi tók saman stuttan æviþátt um listamanninn, sem gestir fengu endurgjalds-laust. Menningarsjóður Sparisjóðs Sauðárkróks veitti Listasafni Skagfirðinga rúmlega 2000 kr. styrk vegna sýningarinnar.


Páll Sigurðsson, kennari við Lagadeild Háskóla Íslands, sýndi í Safnahúsinu 5. til 13. september 46 olíu- og acrylmyndir. Á 4. hundrað manns komu á sýninguna.

Páll, sem fæddur er 1944, ólst upp á Sauðárkróki. Í minningu afa síns, Stefáns Vagnssonar frá Hjaltastöðum, gaf Páll árið 1967 Héraðsskjalasafni Skagfirðinga 20 teikningar, sem hann hafði gert af gömlum húsum á Sauðárkróki og nágrenni. Þessar myndir voru til sýnis í norðursal Safnahússins meðan sýning Páls stóð yfir.

Ottó A. Michelsen og kona hans Gyða Jónsdóttir hafa um árabíl styrkt Héraðsskjalasafni Skagfirðinga drengilega. Er hér að framan getið gjafa þeirra í fyrra. Nú í sumar (1981) afhentu þau hjón

gersemi mikla að gjöf: hina ljósprentuðu útgáfu Skarðsbókar, og enn eitt Hólaprent: Andlega sálma og kvæði Hallgríms Péturssonar (Hólum 1770).

Föstudaginn 7. ágúst s.l. var Safnahúsinu fært að gjöf málverk af Birni heitnum Daníelssyni, skólastjóra og forstöðumanni Héraðsbókasafns Skagfirðinga um langt skeið. Við stutta athöfn afhenti frú Margrét Ólafsdóttir, ekkja Björns, málverkið, sem Örlygur Sigurðsson, listmálari, gerði. Formaður stjórnar Safnahússins þakkaði góða og kærkomna gjöf og minntist starfa Björns, fórnfýsi og dugnaðar hans í þágu stofnunarinnar. Viðstaddir voru nokkrir ættingar Björns, stjórn og forstöðumaður Safnahússins, auk skólastjóra barnaskóla Sauðárkróks. Myndinni hefur verið valinn staður í útlánasal bókasafnsins.



Minningarkort

Fræðasjóðs
Skagfirðinga
fást í
Safnahúsinu
við Faxatorg,
Verzlun Haraldar
Júlíussonar
og hjá
Kára Jónssyni,
Smáragrund 16

útlán

BÓKASAFNIÐ

Mánudaga	kl. 4.00— 7.00 s.d.
Þriðjudaga	kl. 4.00— 7.00 s.d.
Miðvikudaga	kl. 4.00— 7.00 s.d.
Fimmtudaga	kl. 7.30—10.00 s.d.
Föstudaga	kl. 2.00— 6.30 s.d.

Lestrarsalurinn er opinn á sömu tímum.

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

er opið til afgreiðslu

Fimmtudaga	kl. 8.00—10.00 s.d.
Föstudaga	kl. 2.00— 6.00 s.d.



SAFNAHÚS
SKAGFIRÐINGA